

46. Spencer, Farzaneh Jafari, húsmóðir í Keflavík, f. 25. desember 1944 í Íran.
47. Stross, Karin, afgreiðslustúlka í Reykjavík, f. 28. maí 1965 á Íslandi.
48. Stross, Þórdís, fiðluleikari í Reykjavík, f. 13. desember 1963 í Reykjavík.
49. Strupler, Margrit, bóndakona í Rangárvallasýslu, f. 24. júní 1947 í Sviss.
50. Thayer, Elín María, kennari í Reykjavík, f. 8. september 1964 í Reykjavík.
51. Tosti, Luciano, framreiðslumaður í Reykjavík, f. 7. febrúar 1955 á Ítalíu.
52. Tran, Anh-Dao, kennari í Reykjavík, f. 8. febrúar 1959 í Víetnam.
53. Tumarao, Nelía, húsmóðir í Reykjavík, f. 10. apríl 1954 á Filippseyjum. Fær réttinn 20. september 1989.
54. White, George Thomas, deildarfulltrúi í Reykjavík, f. 15. febrúar 1949 í Englandi.
55. Zapanta, Mayeth Sta. Ana, starfsstúlka í Reykjavík, f. 14. febrúar 1965 á Filippseyjum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kys heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Halldór Ásgrímsson.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 17. maí 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.